

## Minnisblað

### Breyting á gjaldskrá Íslandspósts vegna pakkasendinga og skipting landsins í 4 gjaldsvæði.

#### Forsaga máls

Í júní 2021 voru á Alþingi samþykktar breytingar á lögum um póstpjónustu með það að markmiði að „mæla fyrir um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til að færa stjórnslu og eftirlit með póstpjónustu frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar. Að gæta þess að hlutverk Byggðastofnunar verði það sama og hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir tilfærsluna og að Byggðastofnun hafi allar sömu heimildir og skyldur sem lagðar voru á Póst- og fjarskiptastofnun.“

Í samantekt um þingmálið á vef Alþingis eru helstu breytingar og nýjungar vegna málsins tilgreindar eftirfarandi: „Lagt er til að verkefni póstmála flytjist frá Póst- og fjarskiptastofnun yfir til Byggðastofnunar“ (Alþingi, 24.06.2021).

Málið var sett í [Samráðsgátt stjórnvalda](#) auk þess sem kallað var eftir umsögnum frá [Nefndasviði Alþingis](#). Á Samráðsgátt bárust [7 umsagnir](#) en [10 umsagnir](#) til Nefndasviðs.

Breytingar á málinu frá því kallað var eftir umsögnum í Samráðsgátt og þar til Nefndasvið kallaði eftir umsögnum voru minniháttar og engar efnislegar. Í báðum tilfellum snéru frumvarpsdrögin einvörðungu að flutningi umsjónar póstmála frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra [mælti fyrir málinu](#) á Alþingi 18. febrúar 2021. Í máli ráðherra kemur fram það mat hans að það sé hlutverk ríkisins að tryggja að allir landsmenn njóti póstpjónustu og mikilvægt sé að gæta „jafnræði landsmanna“ og „sérstaklega þurfi að huga að ólíkum hagsmunum byggðarlaganna vítt og breitt um landið“. Megininntak í máli ráðherra er eins og efni frumvarpsdraganna að leggja til „breytingar á lögum sem fela í sér að verkefni póstmála flytjist frá Póst- og fjarskiptastofnun yfir til Byggðastofnunar“ (Alþingi, 18.02.2021).

Í meðförum umhverfis- og samgöngunefndar tekur málið hins vegar breytingum er varða aðra þætti en flutning umsýslu málaflokksins til Byggðastofnunar. Í breytingatillögu nefndarinnar er lagt til að greind verði tækifæri til úrbóta á póstmarkaði og að stofnaður verði starfshópur sem meta skuli hvernig best megi stuðla að hagkvæmri, virkri og áreiðanlegri póstpjónustu um land allt og til og frá landinu. Markmið með vinnu starfshópsins verði að:

- greina tækifæri til að lækka kostnað ríkissjóðs af póstpjónustu, þ.e. svonefndan alþjónustukostnað,
- útfæra tillögur sem tryggja að allir landsmenn fái notið póstpjónustu og greiði fyrir hana viðunandi verð, þ.m.t mögulega flutningsjöfnun,
- tryggja heilbrigða samkeppni á svæðum þar sem ekki er markaðsbrestur
- greina og bregðast við mögulegri skörun milli laga um póstpjónustu og laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi.

Starfshópurinn hefur tekið til starfa (Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið, 16. júní 2021).

Jafnframt er í breytingatillögu nefndarinnar fjallað um gjaldskrá alþjónustu og lögð til breyting á 17. gr. laganna sem kveður á um að gjaldskrá fyrir alþjónustu skuli vera sú sama um land allt í þá átt að „einungis verði kveðið á um að smásölugjaldskrá fyrir bréf allt að 50 g innan alþjónustu skuli vera sú sama um land allt“ (Alþingi, 4. júní 2021) og þar með undanskilin þyngri bréf og pakkasendingar af öllum toga.

Í framhaldi er lögð fram breytingatillaga á breytingatillögu nefndarinnar þess efnis að gildistími ákvæðis um gjaldskrá taki gildi síðar en upphafleg tillaga kvað á með þeim rökum að það tæki Íslandspóst lengri tíma en svo að gera breytingar á sinni gjaldskrá.

### Breytingar á gjaldskrá Íslandspósts

Hækkun á gjaldskrá Íslandspósts í samræmi við framangreint tók gildi þann 1. nóvember 2021 í samræmi við framangreinda lagabreytingu. Skilgreind voru 4 gjaldsvæði og breytilegt gjald við sendingar til og frá þeim. Svæðisskipting er meðfylgjandi í [fylgiskjali 1](#).

Mestur verðmunur á milli svæða eftir breytingu er á milli svæða 1 og 4. Til svæða 4 teljast sveitir landsins en á svæði 1 er höfuðborgarsvæðið. Gjaldtaka póstsins miðast við dýrara svæði, sama hvort er sent eða tekið á móti. Sem dæmi um verðbreytinguna má nefna hækkun á pökkum í annars vegar 3-5 kg og hins vegar 6-10 kg flokki með virðisaukaskatti er 700 krónur inn á eða frá svæði 4. Að fá 3-5 kg pakka innan höfuðborgarsvæðisins kostar 1190 kr. en 1890 á svæði 4. Mismunurinn þar á milli er 59%. Í 6-10 kg flokknum er munurinn 47%. Í léttasta flokknum, 0-2 kg er verðmunurinn 600 kr. eða 55% (Austurfrétt, 25. október 2021).

Á sama tíma breytist sendingarkostnaður innan höfuðborgarsvæðisins lítið þó um sé að ræða örlitla hækkun eða um 4% á 0-2 kg pakka en á móti lækkun á 6-10 kg pakka um 5%. Í báðum tilfellum er munurinn innan við 100 krónur (Austurfrétt, 25. október 2021).

### Áhrif breytinganna á Norðurlandi vestra

Þó framangreind hækkun kunni að teljast lítil í krónum talið er þó um verulega hagsmuni rekstraraðila og íbúa á landsbyggðinni að ræða. Til að setja breytinguna í samhengi er hægt að taka raunveruleg dæmi.

#### Dæmi 1:

Rekstraraðili í dreifbýli í Austur-Húnavatnssýslu framleiðir og selur gjafavöru í vefverslun. Áður var sendingarkostnaður innanlands 1000 kr. á pósthús en 1300 kr. sent heim að dyrum. Eftir breytingu þarf viðkomandi aðili að hækka það gjald, annarsvegar upp í 1500 kr. og hins vegar 1800 kr. Jafnframt þarf viðkomandi að hækka fjárhæð til að frí sending fái úr 20 þús. kr. í 25. þús. kr. Sá rekstraraðili sem hér um ræðir vill viðhafa gagnsæi í vöruverði og veltir hækkuninni því ekki út í vöruverðið sem er til marks um vandaða og heiðarlega viðskiptahætti. Tilkyningu um hækkunina af facebooksíðu fyrirtækisins er að finna í [fylgiskjali 2](#).

Á undanförunum misserum hefur verið rætt um tækifæri landsbyggðarinnar í vefverslun. Ekki hefur skipt máli hvort vara er pöntuð af vefverslun sem staðsett er í Húnavatnshreppi eða í Reykjavík. Eftir lagabreytinguna og hækkunir í kjölfarið er samkeppnisstaða vefverslunar á landsbyggðinni skert verulega og þar með tækifæri íbúa á landsbyggðinni til að skapa sér atvinnu.

#### Dæmi 2:

Íbúi á Hofsósi pantar vöru frá Reykjavík. Pakkinn er á bilinu 3-5 kg. Sendingarkostnaðurinn er 1890 kr.

Sama sending innan höfuðborgarsvæðisins kostar 1190 kr. Mismunurinn er 59% (byggt á útreikningum Austurfréttar, 25. október 2021).

Með þessari hækkun má því segja að búsetuskilyrði íbúa dýrari svæða samkvæmt flokkun Íslandspóstis sé skert.

### **Samhengi breytinganna við aðrar ráðstafanir/áætlanir stjórnvalda**

Stjórnvöld hafa undanfarin ár lagt áherslu á að jafna aðgengi íbúa landsins að þjónustu. Sem dæmi um það má nefna að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur frá árinu 2017 segir: „Mikil verðmæti felast í því að landið allt sé í blómlegri byggð. Landsmenn eiga að hafa jafnan aðgang að þjónustu, atvinnutækifærum og lífskjörum um land allt“ (bls. 10). Ætla má að í þeim stjórnarsáttmála sem í smíðum er þegar þetta er skrifað verði svipaðar staðhæfingar.

Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 segir eftirfarandi: „Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu“ (bls. 1). Jafnframt eru tilgreind í áætluninni a.m.k. tvö verkefni sem koma inn á verslun. Annars vegar verkefni A.8. sem lýtur að jöfnun flutningskostnaðar til að styrkja verslun í dreifbýli og hins vegar verkefni A.9. um verslun í strjálbýli. Vefverslun gæti verið góður stuðningur við hið síðarnefnda á svæðum þar sem erfitt er að halda úti rekstri vegna smæðar samfélaga.

Í byggðaáætlun er jafnframt að finna aðgerðir sem lúta að skilgreiningu opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis þar sem skilgreina á rétt fólks til opinberrar grunnþjónustu (aðgerð A.18.). Að þeirri skilgreiningu lokinni á skv. aðgerðinni að vinna tillögur um tæknilega framkvæmd og jöfnun kostnaðar við að sækja einstaka þætti þjónustu á vegum ríkisins. Fyrir skemmstu var fyrsti áfangi vinnunnar, sem unninn var af Byggðastofnun, til samráðs í Samráðsgátt stjórnvalda. Í því plaggi sem þar var til umsagnar er pósthjónusta skilgreind sem lögbundin þjónusta þar sem opinberum aðila er gert skylt lögum samkvæmt að veita stuðning (bls. 3).

Af framangreindu má sjá að breytilegt gjald á pakkasendingum eftir landssvæðum er á svig við stefnur og áætlanir ríkisvaldsins.

### **Athugasemdir við vinnubrögð við lagasetninguna**

Til viðbótar við athugasemdir vegna þeirra áhrifa sem breyting á verðuppbyggingu pakkasendinga Íslandspóstis hefur á einstaklinga og fyrirtæki á landsbyggðinni er ekki hægt að láta hjá líða að gera athugasemd við vinnubrögð Umhverfis- og samgöngunefndar Alþings og raunar þingheims við afgreiðslu málsins.

Líkt og fram kom í inngangi var kallað eftir umsögnum hagaðila um málið sem þegar það var lagt fram snérist um flutning umsýslu póstmála til Byggðastofnunar frá Póst- og fjarskiptastofnun. Var um að ræða nauðsynlegar lagabreytingar, að mestu á orðalagi, vegna þessa flutnings en í málsmeðferð allri lögð áhersla á að hlutverk og heimildir Byggðastofnunar væru þær sömu og Póst- og fjarskiptastofnunar. Hvergi í þeim skjölum sem til umsagnar komu var minnst á breytingar á skilgreiningum alþjónustu sem svo leiddu til umræddrar hækkunar á gjaldskrá Íslandspóstis.

Í umræðum um málið á Alþingi kemst þingmaður og nefndarmaður í umhverfis- og samgöngunefnd svo að orði að ákveðið hefði verið að „nota ferðina“ til að breyta til baka lögum frá 2019 þar sem kveðið var á um eitt gjald um land allt (Hanna Katrín Friðriksson, 11. júní 2021). Hafði slík áhersla

komið fram hjá hinum ýmsu hagsmunasamtökum um nokkurt skeið og komið fram í umsögnum um umrætt þingmál. Breytingar á skilgreiningum alþjónustu og þar með breytingar á gjaldskrá voru hins vegar ekki til umsagnar í ferlinu aðeins flutningur málaflokks póstmála til Byggðastofnunar. Þau vinnubrögð að „nota ferðina“ til að lauma inn þeirri breytingu sem hér er gagnrýnd verða því að teljast forkastanleg þegar stefna stjórnvalda um aukið samráð er og hefur verið skýr undanfarin misseri. Sú áhersla kemur meðal annars fram í áður nefndum stjórnarsáttmála þar sem segir: „Allar áætlanir sem eiga að halda til lengri framtíðar þarf að gera í auknu samráði og með bættum samskiptum“ (bls. 2).

Það er ljóst að umræða um ákvæði um eitt verð um allt land hefur sætt gagnrýni og leitt af sér kærumál. Það má vel vera að nauðsynlegt hafi verið að gera á því breytingar með einhverjum hætti. Það er hins vegar eins og fram hefur komið skýlaus krafa hagsmunaaðila að fá tækifæri til að tjá sig um slíkar breytingar. Með samtali og samráði má vel að vera að fram komi hugmyndir og lausnir sem sætta sjónarmið ólíkra hagsmunaaðila. Án samráðs er erfitt að ná slíkri sátt og óhjákvæmilegt að einhverjir hagsmunaaðilar „verði undir“ í umræðunni. Í þetta skiptið eru það einstaklingar og fyrirtæki á landsbyggðinni sem verða undir.

11.11.2021/UVH

## Heimildir

Alþingi (18.02.2021). Póstþjónusta og Byggðastofnun. Sótt 11. nóvember 2021 af:

<https://www.althingi.is/altext/upptokur/lidur/?lidur=lid20210218T150908>

Alþingi (4. júní 2021). Nefndarálit um frumvarp til laga um breytingar á lögum um pósthjónustu og breytingar á lögum um Byggðastofnun (flutning póstmála). Sótt 11. nóvember 2021 af:

<https://www.althingi.is/altext/151/s/1633.html>

Alþingi (24.06.2021). Samantekt um þingmál – Póstþjónusta og Byggðastofnun. Sótt 11. nóvember 2021 af: <https://www.althingi.is/thingstorf/listar-yfir-mal-a-yfirstandandi-thingi/samantektir-um-thingmal/?ltg=151&mn=534>

Austurfrett (25. október 2021). Íslandspóstur hækkar verð á landsbyggðina en lækkar á höfuðborgarsvæðinu. Sótt 11. nóvember 2021 af:

<https://www.austurfrett.is/frettir/islandspostur-haekkar-verdh-a-landsbyggdhina-en-laekkar-a-hoefudborgarsvaedhinu>

Hanna Katrín Friðriksson (11. júní 2021). Ræða flutt á Alþingi um umræðu um 534. mál 151. löggjafarþings - Póstþjónusta og Byggðastofnun. Sótt 11. nóvember af

<https://www.althingi.is/altext/upptokur/lidur/?lidur=lid20210611T142500>

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið (án dagsetningar). Starfshópur um 1. gr. póstlaga sbr. bráðabirgðaákvæði. Sótt 11. nóvember 2021 af:

<https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/nanar-um-nefnd/?itemid=c74141bf-0f06-11ec-813f-005056bc8c60>

Sáttmáli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis (2017). Sótt 11. nóvember af:

<https://www.stjornarradid.is/library/05-Rikisstjorn/sattmali-rikisstjornarsamstarf.pdf>

## Fylgiskjal 1 - Svæðaskipting póstnúmera

Svæði 1	Svæði 2	Svæði 3	Svæði 4 (Landpóstur)
101-116 Reykjavík	230-260 Reykjanesbær	190 Vogar	161-161 Reykjavík
170 Seltjarnarnes	300 Akranes	240 Grindavík	191 Vogar
200-206 Kópavogur	310 Borgarnes	245 Sandgerði	241 Grindavík
210-225 Garðabær	340 Stykkishólmur	250 Garður	246 Sandgerði
220-221 Hafnarfjörður	400 Ísafjörður	350 Grundarfjörður	251 Garður
270 Mosfellsbær	450 Patreksfjörður	355 Ólafsvík	271-276 Mosfellsbær
	540 Blönduós	360 Helliassandur	301 Akranes
	550 Sauðárkrókur	370 Búðardal	311 Borgarnes
	600-603 Akureyri	410 Hnífsdalur	320 Reykholt
	640 Húsavík	415 Bolungarvík	341-342 Stykkishólmur
	700 Egilsstaðir	420 Súðavík	345 Flatey
	730 Reyðarfjörður	425 Flateyri	351 Grundarfjörður
	780 Höfn	430 Suðureyri	356 Snæfellsbær
	800 Selfoss	460 Tálknafjörður	371 Búðardalur
	900 Vestmannaeyjar	465 Bíldudalur	380-381 Reykhólahreppur
		470 Þingeyri	401 Ísafjörður
		510 Hólmavík	416 Bolungarvík
		530 Hvammstangi	421 Súðavík
		545 Skagaströnd	426 Flateyri
		580 Siglufjörður	431 Suðureyri
		620 Dalvík	451 Patreksfjörður
		625 Ólafsfjörður	461 Tálknafjörður
		610-616 Grenivík	466 Bíldudalur
		650 Laugar	471 Þingeyri
		660 Mývatn	500 Staður
		670 Kópasker	511-512 Hólmavík
		675 Raufarhöfn	520 Drangsnæs
		680 Þórshöfn	524 Árneshreppur
		690 Vopnafjörður	531 Hvammstangi
		710 Seyðisfjörður	541 Blönduós
		735 Eskifjörður	546 Skagaströnd
		740 Neskaupstaður	560-561 Varmahlíð
		750 Fáskrúðsfjörður	565-566 Hofsó
		755 Stöðvarfjörður	570 Fljót
		760 Breiðdalsvík	581 Siglufjörður
		765 Djúpvogur	604-607 Akureyri
		810 Hveragerði	621 Dalvík
		815 Þorlákshöfn	626 Ólafsfjörður
		820 Eyrarbakki	630 Hrísey
		825 Stokkseyri	641 Húsavík,
		850 Hella	645 Fosshóll
		860 Hvolsvöllur	671 Kópasker
		870 Vík	676 Raufarhöfn
		880 Kirkjubæjarklaustur	681 Þórshöfn
			685-686 Bakkafjörður
			691 Vopnafjörður
			701 Egilsstaðir
			711 Seyðisfjörður
			715 Mjóifjörður
			720-721 Borgarfjörður eystri
			731 Reyðarfjörður
			736 Eskifjörður
			741 Neskaupstaður
			751 Fáskrúðsfjörður
			756 Stöðvarfjörður
			761 Breiðdalsvík
			766 Djúpvogur
			781 Höfn
			785 Öræfi
			801-806 Selfoss
			840 Laugarvatn
			871 Vík
			881 Kirkjubæjarklaustur



## Fylgiskjal 2 – áhrif hækkana á vefverslun á svæði 4



Tundra

October 27 at 3:58 PM · 🌐



Viðskiptavinir og velunnarar Tundru athugið. Það er með miklum trega sem við tilkynnum að póstsendingarkostnaður úr vefversluninni okkar hækkar nokkuð um næstu mánaðarmót. 😞 Við sjáum okkur knúin til þessa í kjölfar tilkynningar frá Póstinum um miklar verðhækkanir, eða á bilinu 35-80%, eftir eðli sendinga. Við erum landsbyggðafyrirtæki og þessar hækkanir koma afar illa við okkar svæði. Verð fyrir pakka á pósthús og póstbox verður 1500 kr. og verð fyrir pakka með heimakstri verður 1800 kr. Pantanir yfir 25000 kr. verða sendar frítt. Allar pantanir sem berast í október verða afgreiddar á gamla verðinu.



RUV.IS

**Pósturinn hækkar verð pakkasendinga á landsbyggðinni**

Ríkið má ekki lengur niðurgreiða og jafna þannig út verð á pakkasendingum og verður frá mán...